

Ed.

1064. Breytingartillaga

[335. mál]

við frv. til l. um framkvæmdasjóð aldraðra.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. tl. 2. gr. orðist svo:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar skulu á árinu 1981 leggja á menn sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Skal gjaldið nema 1% á álagðan tekju- og eignarskatt þeirra, en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu undanþegin gjaldinu, svo og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 2 500 000 gkr. Enn fremur skal leggja 1% álag á álagðan tekju- og eignarskatt félaga á árinu 1981, og skulu tekjur af því renna með sama hætti til sjóðsins. Um álagningu og innheimtu gjalds þessa skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt.